

Emilía Ak-57 útgerð ehf.

Kt.: 470302-2750

Heimilisfang [...]

Akureyri, 22.04.2026

Tilv. 2026-03-09-0464

(áður 2023-11-16-1061)

Efni: Ákvörðun um sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni. Skil aflaupplýsinga. Ítrekun. Emilía AK-57 (2367).

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðaði ætluð brot skipstjóra fiskiskipsins Emilía AK-57, skipaskrárnúmer 2367, gegn reglugerð um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 307/2023 og lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Við meðför málsins benti málsaðili á að tvö fyrri mál á hendur honum, sem lauk báðum með viðurlagaákvörðunum Fiskistofu, vegna vanskila á aflaupplýsingum, hafi verið kærð til æðra stjórnvalds. Fiskistofa féllst á það með málsaðila að ætla mætti að í þeim úrskurðum yrði tekið á allmörgum þeim álitaefnum sem einnig reynir á í máli þessu. Af þeim sökum féllst Fiskistofa þann 12. apríl 2024 á beiðni málsaðila um að bíða með ákvörðun í máli þessu þar til ráðuneytið hefði úrskurðað um þær stjórnvaldsákvörðanir sem hefðu þýðingu og áhrif á úrlausn máls þessa, s.s. vegna ítrekunaráhrifa og almenns fordæmisgildis. Þann 5. mars 2026 var í atvinnuvegaráðuneytinu kveðnir upp úrskurðir í fyrrnefndum málum, MAR23101244 (2022-06-16-1770) og MAR23101086 (2023-04-26-0366). Í báðum úrskurðum staðfesti ráðuneytið ákvarðanir Fiskistofu um sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni, í fjórar vikur í fyrrnefnda málinu og tvær vikur í því síðarnefnda.

I. Málsatvik

Í skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu frá 16. nóvember 2023, sem uppfærð var þann 31. janúar 2024, segir að við rafrænt eftirlit hafi komið í ljós að stafrænar aflaupplýsingar hafi ekki borist til Fiskistofu áður en skipið lagði að bryggju, svo sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar nr. 307/2023 og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, eftirfarandi daga árið 2023, eftir að sviptingu skipsins lauk þann 15. ágúst 2023 samkvæmt ákvörðun Fiskistofu í máli 2023-04-26-0366: 27. september, 1., 6., 26., 28., 29. og 30. október, 1., 10., 13., 15., 18., 20., 23., 27., 28. og 29. nóvember og 2., 6., 8., 12., 17. og 22. desember. *Samtals tuttugu og þrjár (23) aðskildar veiðiferðir* þar sem stafrænar aflaupplýsingar bárust ekki Fiskistofu. Af þeim sökum var skipstjóri Emilíu AK-57 (2367) grunaður um að hafa brotið gegn tilgreindum ákvæðum reglugerðar nr. 307/2023 og laga nr. 57/1996, í framangreindum 23 veiðiferðum.

II. Lagagrundvöllur

Í 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 segir að skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hafa veiðileyfi í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, eða sérveiðileyfi, skulu senda aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu áður en veiðiferð lýkur. Í reglugerð um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 307/2023 segir í 2. mgr. 1. gr. að skipstjórar skipa, sem hafa veiðileyfi í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, eða sérveiðileyfi, skulu skrá þær aflaupplýsingar sem kveðið er á um í reglugerð þessari, og senda þær með stafrænum hætti í vefþjónustu Fiskistofu áður en veiðiferð lýkur. Í 4. gr. framangreindrar reglugerðar segir að skipstjóri skuli senda upplýsingar skv. 3. gr. til vefþjónustu Fiskistofu áður en skipi er lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni veiðiferð. Í 4. mgr. 1. gr. er svo kveðið á um skyldu skipstjóra til að gæta þess að búnaður til að tengjast vefþjónustu Fiskistofu fyrir stafræn skil aflaupplýsinga sé í lagi áður en haldið er í veiðiferð.

Brot á framangreindri reglugerð og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 varða viðurlögum í formi áminninga og sviptingu veiðileyfa skv. 15. gr. laga nr. 57/1996. Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 2. mgr. 15. gr. er mælt fyrir um lengd leyfissviptinga, en þar segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 5. febrúar 2024, var málsaðili upplýstur um að málið hafi verið tekið til meðferðar og að til rannsóknar væri hvort skipstjóri fiskiskipsins Emilía AK-57 (2367) hafi gerst brotlegur gegn reglugerð nr. 307/2023 og lögum nr. 57/1996. Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Þá var í bréfi Fiskistofu vísað til fyrri ákvarðana Fiskistofu vegna sams konar brota skipstjóra. Annars vegar ákvörðun Fiskistofu, dags. 23. mars 2023, þar sem fiskiskipið Emilía AK-57 (2367), var svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni í fjórar vikur með vísan til 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 (málsnr. 2022-06-16-1770). Hins vegar ákvörðun Fiskistofu, dags. 27. júlí 2023, þar sem fiskiskipið Emilía AK-57 (2367), var svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur með vísan til 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 (málsnr. 2023-04-26-0366). Í bréfi Fiskistofu var vakin athygli á því að framangreindar ákvarðanir hefðu ítrekunaráhrif í tvö ár frá dagsetningu þeirra skv. 19. gr. sömu laga og yrði niðurstaða þess máls sem nú er til meðferðar sú, að brot hafi verið framin, gætu framangreindar ákvarðanir haft áhrif á beitingu viðurlaga.

Þann 12. febrúar 2024 bárust Fiskistofu athugasemdir málsaðila. Þar rakti lögmaður málsaðila forsögu málsins og tók fram að málsaðili hafi frá upphafi átt í vandræðum með að ná tökum á því að senda aflaupplýsingar rafrænt úr snjallforritinu Aflaranum. Undir lok strandveiði tímabilsins 2023 hafi málsaðili skoðað skrá yfir gagnaskil á heimasíðu seljanda Aflarans og kom í ljós að gagnaskil höfðu verið ófullnægjandi þrátt fyrir að málsaðili (skipstjórar Emilíu AK-57) hefði alltaf fengið tilkynningar um rétt skil frá smáforritinu. Að sögn málsaðila hafi hann fengið þær upplýsingar frá starfsmönnum Aflarans að forritið virkaði ekki sem skyldi og því hafi hann ekki þurft að greiða fyrir notkun þess. Annmarkar á skilum frá skipi hans væru vegna tæknilegra annmarka á smáforriti Aflarans. Eftir strandveiðitímabilið hafi skipstjórar málsaðila notað Aflarann áfram og allt fram til lok árs 2023 en þá hafi forritinu verið lokað.



Gerðar eru athugasemdir við að málið hafi ekki verið tekið til meðferðar fyrir en 5. febrúar 2024 í stað þess að gera málsaðila viðvart um annmarka á skilum aflaupplýsinga í nóvember 2023. Þannig hafi frávikatilvikum fjölgað verulega. Í þessu ljósi vísaði málsaðili til 14. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 sem kveður á um að ef aðili máls á rétt á að tjá sig um efni þess skuli svo fljótt sem því verður við komið vekja athygli hans á því að mál sé til meðferðar. Þannig sé t.a.m. heimilt að fresta tilkynningu um upphaf máls ef hætta er á því að rannsóknarhagsmunir kunni að raskast, en það sé undantekningarregla. Hagsmunirnir þurfa að liggja fyrir og vera þekktir og hættan á spillingu þeirra þurfi að vera raunveruleg. Engir rannsóknarhagsmunir hefðu farið forgörðum ef Fiskistofa hefði gert málsaðila viðvart strax og málið kom upp að aflaupplýsingar sem hann sendi frá Emilíu AK-57 (2367) hefðu ekki skilað sér til Fiskistofu. Öll þau gögn sem Fiskistofa byggði málatilbúnað sinn á hafi verið til í gagnagrunnum stofnunarinnar þegar brotaskýrsla var gerð og málsaðili hafi enga möguleika haft á að spilla þeim. Í þessu samhengi er vísaði til leiðbeiningaskyldu stjórnvalda og óskráðra meginreglna stjórnsluréttar um meðalhóf, hófstillingu og sanngirni við beitingu opinbers valds. Að sögn málsaðila hafi hann frá upphafi árs 2023 lagt sig fram við að rafræn skil aflaupplýsinga frá skipinu væri rétt. Á síðari hluta sama árs hafi komið í ljós annmarkar á skilum upplýsinganna sem stöfuðu af tæknilegum annmörkum á Aflaranum sem málsaðila og starfsmönnum hans verði ekki um kennt. Að sögn málsaðila hafi skipstjórar á skipinu fyllt réttar upplýsingar með réttum hætti í Aflarann á því tímabili sem mál þetta snýr að og hafi framkvæmt þær aðgerðir samviskusamlega sem þörf var á að framkvæma til að forritið sendi upplýsingar rafrænt í móttökugátt Fiskistofu. Að fenginni staðfestingu Aflarans um að sendingin hefði tekist hafi þeir réttilega talið að þeir hefðu rækt skyldur sínar og því séu saknæmisskilyrði ekki uppfyllt í meintum brotum. Ekki sé fyrir að finna í þeim lögum sem á reynir heimildir til að ákvarða viðurlög vegna frávik á reglum sem gerast vegna óhappa, vegna annmarka í tækja-eða hugbúnaði sem málsaðili og starfsmenn geti ekki vitað af, né af öðrum ástæðum sem þeim sé ómögulegt að fá vitneskju um eða bregðast við.

Fram kemur að eftir að málsaðila hafi borist tilkynning um mál þetta þann 5. febrúar 2024, hafi hann reynt án árangurs að fara inn á aðgang sinn í Aflaranum til að sækja þangað gögn sem gætu tekið af vafa um rétta notkun og skráningu aflaupplýsinga, enda hafi þjónustan hætt í lok árs 2023 og vefslóð verið tekin niður og engin gögn séu lengur aðgengileg. Möguleikar hans til að afla þessara gagna hafi því farið forgörðum vegna stjórnsluframkvæmdar Fiskistofu að bíða með að hefja málið þar til frávik á skilum hafi verið orðin stórfelld. Þá áréttar málsaðili að Fiskistofa hafi verið látin vita áður en atvik málsins gerðust, að tæknilegir annmarkar væru á Aflaranum og hafi stofnuninni verið sent afrit af samskiptum við þjónustuaðila snjallforritsins. Þegar ljóst hafi verið að Aflaranum yrði lokað í árslok 2023 hafi Fiskistofu átt að vera ljóst að forritið væri bilað og rétt hefði verið að gera málsaðila viðvart.

Málsaðili gagnrýnir hið rafræna eftirlit sem Fiskistofa kveðst nota til að framfylgja reglum um skil aflaupplýsinga. Að hans mati hefði kerfið átt að grípa strax inn í þegar í ljós kom að aflaupplýsingar skila sér ekki inn í kerfi Fiskistofu í gegnum móttökugátt frá skipstjóra. Vísar málsaðili til þess að auðvelt ætti að vera að forrita kerfi Fiskistofu á þá lund að það sendi sjálfvirkt til skipstjóra skilaboð í síma eða tölvupósti þegar upp koma frávik. Að rafrænt eftirlit skuli ekki vera framkvæmt í rauntíma eða reglulegar valdi óþarfa skaðaáhættu á mikilvægum almannahagsmunum af mikilvægustu auðlind þjóðarinnar, auk skaða og óþægindum fyrir útgerðir og sé í ósamræmi við þá miklu almannahagsmuni sem Fiskistofa telji fólgnu í réttum og tímabærum skilum á aflaupplýsingum.

Málsaðili telur ljóst af málsatvikum og gögnum málsins, að ekki sé tilefni til að ákveða viðurlög vegna þessa máls. Um sé að ræða tæknilega annmarka á snjallforritinu sem hafi verið notað en hvorki ásetning né gáleysi málsaðila eða starfsmanna hans. Hvorki sé um að ræða saknæmar athafnir né saknæmt athafnaleysi. Á Fiskistofu hvíli ekki fortakslaus skylda til að ákveða viðurlög vegna brota á lögunum eða frávikum sem upp kunnir að koma vegna t.a.m. bilana á búnaði. Þessu til stuðnings vísar málsaðili m.a. til úrskurðar Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 25. júní 2019.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að skipstjóri fiskiskipsins Emilía AK-57 (2367) skilaði ekki aflaupplýsingum í tuttugu og þrjú (23) aðgreind skipti, í andstöðu við 2. mgr. 1. gr. sbr. 4. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 307/2023, sbr. 4. mgr. 9. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996, á um þriggja mánaða tímabili til loka árs 2023. Málsaðili hafnar því að skipstjórar skipsins hafi brotið gegn tilgreindum ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Málalíbúnaður málsaðila byggir á því að skipstjórar skipsins hafi sent aflaupplýsingar með notkun snjallforritsins Aflarinn eftir hverja veiðiferð og áður en þeim lauk og lagt sig fram við að skil væru rétt. Vegna tæknilegra annmarka á forritinu hafi upplýsingar ekki skilað sér í gagnagátt Fiskistofu þó svo forritið hafi staðfest að skil hefðu tekist. Þá liggur fyrir í málinu að skipstjórar málsaðila hafi frá upphafi átt erfitt með að tileinka sér nýja tækni við skráningu og skil stafrænna aflaupplýsinga úr snjallforritinu Aflarinn.

Á grundvelli athugasemda málsaðila tók Fiskistofa sérstaklega til skoðunar þann þátt er sneri að notkun og virkni snjallforrits Aflarans. Til að skipstjóri sendi fullnægjandi aflaupplýsingar að lokinni hverri veiðiferð í gagnagátt Fiskistofu krafðist tveggja aðgerða að hálfu skipstjóra í snjallforritinu, þ.e. „Skrá veiði“ og „Skrá veiðiferð“. Eins og forritið var upp sett, var nauðsynlegt að skipstjórar fylltu út framangreind skref í rétttri röð, þ.e. skráðu fyrst upplýsingar um veiddan afla (skref 1: „Skrá veiði“), skráð svo næst veiðiferð (skref 2: „Skrá veiðiferð“) og loks gætt að því að skráð veiði væri tengd við skráða veiðiferð. Að loknum þeim veiðiferðum er mál þetta snýr að bærust Fiskistofu engar aflaupplýsingar. Ástæða þess er að öllum líkindum sú að skipstjórar Emilíu AK-57 (2367) hafa einungis fyllt út dálkinn „Skrá veiði“ en ekki klárað ferlið með því að jafnframt fylla út „Skrá veiðiferð“ í kjölfarið. Hafi sú verið raunin bærust engar aflaupplýsingar til Fiskistofu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 307/2023, engin veiðiferð vistast undir „Mínar veiðiferðir“ í forritinu og engin rekjanleikanúmer urðu til. Að því sögðu getur Fiskistofa ekki fallist á með málsaðila að forritið hafi verið haldið tæknilegum annmörkum eða það verið bilað. Hins vegar telur Fiskistofa ljóst að viðmót forritsins, eins og það var sett upp, hafi getað valdið ruglingi hjá einhverjum notendum, um þau skref sem þurfti að ljúka og nauðsyn þess að þau væru framkvæmd í rétttri röð. Eftir að notandi kláraði að fylla út skref 1 („Skrá veiði“) kom grænn flipi (e. banner) upp í viðmótinu þar sem sagði „Tókst að skrá veiði!“. Að öllum líkindum gæti þessi eina aðgerð hafa valdið notendum misskilningi og notandi ranglega talið sig hafa lokið við að skrá aflaupplýsingar með þessum hætti, en með því að skrá einungis veiði en ekki veiðiferð bærust Fiskistofu engar aflaupplýsingar úr forritinu. Að sama skapi ef notendur fylltu einungis út veiðiferð (skref 2) en ekki veiði (skref 1) bærust Fiskistofu svokölluð „0 skil“, þ.e. bærust þá Fiskistofu skil, en engar upplýsingar að finna í þeim (engar upplýsingar um afla).

Málsaðili stundar leyfisskylda atvinnustarfsemi sem sætir opinberu eftirliti. Hann ber líkt og aðrir útgerðaraðilar sem stunda fiskveiðar í atvinnuskyni, ábyrgð á því að lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sé gætt í hvívetna sem gilda um atvinnurekstur hans (við framkvæmd veiða), þ.m.t. um skil aflaupplýsinga. Enginn er nauðbeygður til að stunda fiskveiðar og eru í senn forsvaranleg rök og málefnaleg sjónarmið sem búa að baki því eftirliti sem með greininni



er viðhaft og þeim kröfum sem gerðar eru til skila á aflaupplýsingum. Sú tæknikunnátta sem krefst til skila á aflaupplýsingum er að mati Fiskistofu engu meiri en sú tæknikunnátta sem skipstjórnarmenn þurfa að búa yfir til að geta lært á og notað nútíma siglingatæki. Fiskistofu ber alltaf að veita upplýsingar um þau lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um mál og þær skyldur sem hvíla á málsaðila á grundvelli þeirra. Fiskistofu bar því að leiðbeina málsaðila um þær skyldur og hvernig hann gat uppfyllt þær, m.a. hvaða upplýsingum ætti að skila, hvenær ætti að skila þeim og hvernig málsaðili gæti fengið aðgang að forriti hjá þjónustuaðila, þ.e. *um allt nema tæknileg atriði*, sbr. úrskurð Atvinnuvegaráðuneytisins (MAR23101086) frá 5. mars 2026. Eins og forritið (Aflarinn) var uppsett var nauðsynlegt að notendur kynntu sér í þaula og öfluðu sér leiðbeininga hjá þjónustuaðila um rétta notkun (tæknileg atriði) á grundvelli nauðsyn þess að fylla út rétta dálka og í réttri röð, eins og rakið hefur verið. Að mati Fiskistofu má rekja vanskil aflaupplýsinga til vankunnáttu skipstjóra Emilíu AK-57 (2367), en ekki tæknilegra annmarka eða bilunar í snjallforritinu Aflarinn, sem málsaðila og starfsmönnum hans verður ekki um kennt, líkt og málsaðili heldur fram. Þó svo viðmótið gæti hafa valdið ruglingi eða valdið einhverjum notendum tæknilegum erfiðleikum þá leysti það ekki skipstjóra undan ábyrgð um að standa að réttum skilum stafrænna aflaupplýsinga til Fiskistofu áður en veiðiferðum lauk sem mál þetta lýtur að.

Skip málsaðila hafði tvívegis verið svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni á árinu 2023, vegna sams konar brota. Annars vegar með ákvörðun Fiskistofu þann 23. mars 2023 (tilv. 2022-06-16-1770) þar sem skipið var svipt veiðileyfi í fjórar vikur. Hins vegar þann 27. júlí 2023 (tilv. 2023-04-26-0366) þar sem skipið var svipt veiðileyfi í tvær vikur fyrir ítrekuð brot. Fyrri mál hefðu átt að vera málsaðila víti til varnaðar um að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að koma skilum sínum í rétt horf. Að mati Fiskistofu geti málsaðili ekki firrt sig ábyrgð til skila á aflaupplýsingum í skilningi reglugerðar nr. 307/2023 með því að réttlæta brot sín á grundvelli vandræða eða vankunnáttu við notkun á Aflaranum, eða halda því fram að forritið hafi verið haldið tæknilegum annmörkum eða bilunum. Eftir að sviptingu skipsins lauk þann 14. ágúst 2023 í máli 2023-04-26-0366 hafi það gefið málsaðila fullt tilefni til ítrustu aðgæslu við skil aflaupplýsinga og að ganga úr skugga um að skil hefðu tekist. Af öllu framansögðu hafnar Fiskistofa því að saknæmisskilyrði séu ekki uppfyllt í málinu. Að mati Fiskistofu var ekki um óhöpp að ræða vegna annmarka í hugbúnaði sem málsaðili hefði ekki getað vitað af, og hafnar Fiskistofa rökum málsaðila um að honum hafi verið ómögulegt að afla sér vitneskju um vanskil sín eða bregðast við að öðru leyti. Að sögn málsaðila hafi hann frá upphafi átt í vandræðum með að ná tókum á því að senda aflaupplýsingar rafrænt úr snjallforritinu Aflaranum. Þess þá heldur hefði málsaðila verið í lófa lagið að skoða þann möguleika að taka í notkun önnur forrit til skila aflaupplýsinga, sem hugsanlega væru skipstjórum Emilíu AK-57 (2367) auðveldari eða einfaldari í notkun og þá sérstaklega í kjölfar fyrri viðurlagaákvæðana Fiskistofu. Þá er viðbragðstími eftirlitsstofnunar, eða tíðni rafræns eftirlits, að mati Fiskistofu ekki gild afsökunarástæða fyrir áframhaldandi brotum málsaðila. Málsaðili getur ekki firrt sig ábyrgð samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum á þeim grundvelli að Fiskistofa hafi ekki gert honum viðvart um fyrsta brot skipstjóra Emilíu AK-57 (2367) þann 27. september 2023.

Fiskistofa hafnar því sem málsaðili heldur fram að stofnuninni hafi verið ljóst að forritið væri bilað, þegar fyrir lá að lokað yrði fyrir þjónustuna í lok árs 2023 og hafi þar með borið að eiga frumkvæði að því að gera málsaðila viðvart. Eins og fram hefur komið var forritið ekki bilað, heldur hafi rétt og fullnægjandi skil aflaupplýsinga oltið á kunnáttu og þekkingu notenda um rétta notkun forritsins. Þegar ljóst var að Aflaranum yrði lokað í árslok 2023 birti Fiskistofa tilkynningu á heimasíðu sinni þann 6. desember 2023 með yfirskriftinni *Aflarinn hættir um áramótin*¹. Þar kom fram að samningur Aflarans við Fiskistofu félli úr gildi 1. janúar 2024 og

¹ <https://island.is/s/fiskistofa/frett/aflarinn-haettir-um-aramotin>

ekki yrði hægt að nota þeirra þjónustu við skil aflaupplýsinga frá og með þeim degi. Útgerðaraðilum sem voru að nota þjónustu Aflarans var bent á að leita til nýs þjónustuaðila. Fiskistofa áréttaði fyrir skipstjórnarmönnum að í millitíðinni þyrfti að gæta að því að skrá aflaupplýsingar í réttri röð í viðmóti kerfis Aflarinn ehf., svo upplýsingarnar bærust með réttum hætti til vefþjónustu Fiskistofu. Í tilkynningunni var jafnframt áréttað að ábyrgð á réttum skilum aflaupplýsinga í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli hvíldi á skipstjórnarmanni fiskiskips.

Athugasemdir málsaðila hafa verið raktar og þeim svarað. Eru þær ekki þess eðlis að það leiði til þess að saknæmisskilyrði verði ekki talin uppfyllt og því ekki tilefni til þess að ákveða viðurlög í málinu. Málsatvik eru óumdeild og ekki uppi vafi um hina meintu háttsemi enda byggir mat á umræddum brotum á gögnum, og hvort þeim sé skilað eða ekki. Ekkert hefur komið fram í málinu sem leitt getur til þess að skýrsla veiðieftirlitsmanns sé dregin í efa, en málsaðili hefur véfengt málsatvik eins og þeim er lýst að framanverðu, að því leytinu að vegna tæknilegra annmarka á umræddu snjallforriti hafi upplýsingar ekki borist Fiskistofu með réttum hætti, og hafi það ekki verið skipstjóra um að kenna né hafi hann vitað eða mátt vita um það. Andmælti málsaðili því ekki að illa hafi tekist til við skráningu og skil aflaupplýsinga á skipi hans í gegnum Aflarann. Markmið málsmeðferðar Fiskistofu er að leiða hið sanna og rétta í ljós. Að mati stofnunarinnar telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til málsatvika og eðli brota, athugasemda málsaðila, gagna málsins, og alls þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að skipstjóri fiskiskipsins Emilía AK-57 (2367) hafi ekki sinnt skyldu sinni til skila á stafrænum aflaupplýsingum til vefþjónustu Fiskistofu og þar með brotið gegn reglugerð nr. 307/2023, í þau tilgreindu skipti sem að framan greinir.

Vanskil á stafrænum aflaupplýsingum skipstjóra Emilíu AK-57 (2367) í tilgreind 23 skipti, á tímabilinu 27. september til 22. desember 2023, braut gegn 2. mgr. 1. gr. sbr. 4. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 307/2023, sbr. 4. mgr. 9. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996.

Í 3. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Í máli þessu verður ekki talið að brotin hafi verið til þess fallin að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, enda séu brotin ekki þess eðlis eins og málsatvikum er háttað. Undirliggjandi hagsmunir sem brot málsaðila beindust að eru grundvallar hagsmunir fiskveiðistjórnunarkerfisins og þeir opinberu hagsmunir sem kerfið byggir á. Aflaupplýsingar eru grundvöllur veiðieftirlits Fiskistofu og annarra verkefna sem varða stjórnun fiskveiða. Í þeim eru fólgnar veigamiklar upplýsingar sem Hafrannsóknastofnun nýtir í vísindalegum tilgangi, s.s. til að mæla stofnstærðir nytjastofna sjávar og meta hversu mikið megi veiða svo ekki sé of nærri þeim gengið. Hagsmunir þeir sem fólgnir eru í réttum skilum aflaupplýsinga verða ekki aðeins metnir í fjárhæðum eða fjárhagslegum stærðum heldur eru þetta einnig kerfislægir hagsmunir sem brot málsaðila beindust að þegar ekki var farið að lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um skil aflaupplýsinga. Þær reglur sem gilda um skil aflaupplýsinga í reglugerð nr. 307/2023 og lögum nr. 57/1996, eru skýrar og fortakslausar hvað varðar skyldu og ábyrgð skipstjóra á skilum aflaupplýsinga til Fiskistofu áður en skip er lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni veiðiferð. Grundvallarreglan er sú að útgerðir og áhafnir



skipa eiga að fara eftir ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um fiskveiðistjórnunarkerfið. Brot málsaðila hafi því ógnað framangreindum hagsmunum í skilningi 15. gr. laga nr. 57/1996.

Við mat á því hvort um meðvituð ásetnings- eða gáleysisbrot sé að ræða er litið til háttsemi skipstjóra í umræddum veiðiferðum og til þess að málsaðili og skipstjóri á hverjum tíma ber ábyrgð á því að framkvæmd fiskveiða brjóti ekki í bága við gildandi lög og reglur. Málsaðili er útgerðaraðili sem stundar fiskveiðar í atvinnuskyni. Það er því á hans ábyrgð, að verklag við framkvæmd fiskveiða sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út. Um er að ræða endurtekin og ítrekuð brot skipstjóra sem náðu yfir um þriggja mánaða skeið, í öllum veiðiferðum skipsins eftir að sviptingu þess lauk þann 15. ágúst 2023 fyrir ítrekuð brot af sama meiði (ákvörðun Fiskistofu í máli 2023-04-26-0366) og fram til ársloka 2023. Þá lítur Fiskistofa til fyrri ákvarðana Fiskistofu gagnvart málsaðila við mat á ásetningsstigi og alvarleika brota, annars vegar frá 23. mars 2023 í máli 2022-06-16-1770 og hins vegar frá 27. júlí 2023 í máli 2023-04-26-0366, vegna sams konar brota. Að mati Fiskistofu voru brot skipstjóra framin af lægsta stigi ásetnings, enda verður ekki séð á gögnum málsins eða því sem fram hefur komið að þeir hafi haft beinan ásetning til að standa ekki að skilum aflaupplýsinga.

Sé hins vegar tekið mið af fyrri brotum skipstjóra og fyrri ákvörðunum Fiskistofu vegna þeirra, telur Fiskistofa eins og áður segir að skipstjóra hafi borið að sýna ítrustu aðgæslu við skil aflaupplýsinga og málsaðila borið að afla sér upplýsinga og ganga úr skugga um að skil aflaupplýsinga hefðu tekist réttilega og þær borist Fiskistofu í lok hvernar veiðiferðar, þá sér í lagi vegna þess vandræðagangs sem skipstjórar málsaðila glímdu við tengt notkun snjallforrits Aflarans. Í stað þess að kynna sér staðreyndir, sem eflaust hefðu getað komið málsaðila illa, þ.e. um tæknileg atriði (réttta notkun snjallforrits) og hvort skil tókust eða ekki, þá skeytti málsaðili engu um það, heldur hélt hann ótrauður áfram að notast við forritið, eftir þeirri leið sem hann eflaust taldi vera rétta en án efa á rangan hátt eins og rakið hefur verið, og því hafi aflaupplýsingar ekki borist til vefþjónustu Fiskistofu. Hefði málsaðili réttilega kynnt sér staðreyndir málsins, strax að lokinni fyrstu veiðiferð eftir að sviptingu skipsins lauk þann 15. ágúst 2023, hefði honum orðið ljóst að engar aflaupplýsingar voru að berast til vefþjónustu Fiskistofu. Hefði þá ekkert staðið því í vegi að hann aflaði sér betri leiðbeininga um rétta notkun og tæknileg atriði hjá sínum þjónustuaðila (Aflarinn) eða einfaldlega skipt og tekið í notkun aðra þjónustu (annað forrit) til skila aflaupplýsinga, sem eflaust væri einfaldari og notendavænni fyrir málsaðila og starfsmenn hans. Gera verður þá kröfu til skipstjóra fiskiskipa sem stunda veiðar í atvinnuskyni að háttsemi þeirra og framgangsmáti endurspegli gegnan og skynsamlegan atvinnusjómann hverju sinni, með hliðsjón af þeim háttænisreglum sem gilda um framkvæmd fiskveiða. Að mati Fiskistofa hafi skipstjórar málsaðila brugðist skyldum sínum og hafi gerst brotlegir gegn tilgreindum lögum og reglum af lægsta stigi ásetnings.

Að mati Fiskistofu er enginn vafi uppi um brot málsaðila, sem eru fullframin enda eru hlutrænir efnisþættir þeirra uppfylltir með mið af hlutlægum þáttum, þ.e. hvort aflaupplýsingum var skilað eður ei. Að mati Fiskistofu er um ámælisverð og margendurtekin ásetningsbrot skipstjóra að ræða. Brotin eru 23 talsins og átti fyrsta brot sér stað í fyrstu veiðiferð að lokinni sviptingu skipsins, í annað sinn á árinu 2023, vegna sömu brota. Með vísan til þess sem rakið hefur verið hefði málsaðili að mati Fiskistofu mátt vita að skipstjórar Emilíu AK-57 (2367) voru ekki að haga skilum á aflaupplýsingum í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli í öll umrætt skipti. Þá eru fyrri brot málsaðila og hirðuleysi hans um að koma skilum aflaupplýsinga í lögmeitt horf í kjölfar þeirra til þess fallið að auka á saknæmi brotanna. Að framangreindu öllu virtu eru brot málsaðila að mati Fiskistofu talin meiriháttar í skilningi 15. gr. laga nr. 57/1996.

Við mat á viðurlögum í máli þessu telur Fiskistofa að líta þurfi til fyrirsmæli laga um ítrekunaráhrif fyrri ákvarðana, frá 23. mars og 27. júlí 2023 (tilv. 2022-06-16-1770 og 2023-04-26-0366) sbr. 19. gr. laga nr. 57/1996. Í framangreindum ákvörðunum var vísað til þess að þær hefðu ítrekunaráhrif í tvö ár frá dagsetningum þeirra skv. 19. gr. sömu laga og gætu þar með haft áhrif á beitingu viðurlaga kæmi til frekari brota. Skilyrði og áhrif ítrekunar samkvæmt ákvæði 19. gr. laga nr. 57/1996 eru skýr og var efni þess bæði aðgengilegt og fyrirsjáanlegt þannig að málsaðili hefði átti að geta séð fyrir hverjar afleiðingar áframhaldandi brota hans í máli þessu á tilgreindu tímabili, í kjölfar fyrri ákvarðana Fiskistofu sem vísað er til, hefði að lögum fyrir hann. Í 19. gr. laga nr. 57/1996 er kveðið á um að áminningar og sviptingar veiðileyfis *skuli* hafa ítrekunaráhrif. Ítrekunaráhrif laga nr. 57/1996 hefur verulegt gildi sökum þessa og er ætlað að hafa sérstök varnaðaráhrif þar sem ítrekunarhrifin leiða til strangari viðurlaga fyrir síðar framið, sams konar eða eðlislíkt afbrot, sama manns eða lögaðila. Ákvörðun um viðurlög þarf að liggja fyrir, en slík ákvörðun þarf ekki að vera endanleg. Fyrri ákvarðanir um viðurlög á hendur málsaðila voru færðar til æðra stjórnvalds sem staðfesti niðurstöðu Fiskistofu þann 5. mars 2026. Réttaráhrif ítrekunar skv. fyrri ákvörðunum gildi frá og með dagsetningu þeirra, 23. mars og 27. júlí 2023. Voru brot málsaðila framin á tímabilinu 27. september til 22. desember 2023 og því hafa ítrekunaráhrif fyrri ákvarðana réttaráhrif við ákvörðun viðurlaga í máli þessu skv. 19. gr. laga nr. 57/1996. Að mati Fiskistofu eru ítrekunartengsl brota í fyrri ákvörðunum og því máli sem nú er til meðferðar fullnægjandi, enda um sams konar brot að ræða. Þá eru efnisskilyrði 1. mgr. 71. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 jafnframt uppfyllt í tilviki málsaðila.

Í athugasemdum sínum kvað málsaðili, að þrátt fyrir orðalag viðurlagaákvæða, hvílir ekki fortakslaus skylda á Fiskistofu til að ákveða viðurlög vegna brota á lögum nr. 57/1996 eða frávika sem upp kunna að koma vegna t.a.m. bilana á búnaði, og vísaði því til stuðnings til úrskurðar Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 25. júní 2019. Fiskistofa telur framangreindan úrskurð ekki verða lagðan að jöfnu við málsatvik í máli þessu þannig að hann hafi áhrif á ákvörðun um viðurlög. Tilvitnaður úrskurður fjallaði um brottkast sem var að mati Fiskistofu minniháttar. Þar var um óverulegt magn að ræða og tegund sem hafði ekkert eða lítið verðgildi (tindaskata). Í máli þessu er hins vegar um meiriháttar brot að ræða í skilningi 15. gr. laga nr. 57/1996 og skilyrði 19. gr. sömu laga um ítrekun uppfyllt.

Við mat á viðurlögum í máli þessu telur Fiskistofa þó að líta verði til þess að langt er liðið frá brotum og miklar tafir hafa orðið á ákvörðun málsins, sem hvorki málsaðila né Fiskistofu verður um kennt. Tafir urðu á úrskurðum, vegna fyrri ákvarðana Fiskistofu á hendur málsaðila, sem höfðu þýðingu við úrlausn þessa máls. Þá lítur Fiskistofa til þess að frá því að málsaðili tók í notkun forrit annarra þjónustuaðila (fyrst Trackwell og svo RSF Appið) við skil aflaupplýsinga (eftir að Aflarinn hætti rekstri), hefur orðið mikil bragarbót á skilum frá skipi málsaðila. Sé lítið til skila aflaupplýsinga skipsins frá ársbyrjun 2024 til 1. mars 2026 hefur skip málsaðila landað 136 sinnum, þar sem skipstjóri skilaði fullnægjandi aflaupplýsingum með réttum hætti í 133 skipti, þó með einhverjum minniháttar frávikum (skilað of seint). Fiskistofa telur rétt að taka þessa stórbættu hegðun málsaðila til greina við heildarmat honum til hagsbóta við ákvörðun um viðurlög. Þrátt fyrir það getur Fiskistofa ekki lítið fram hjá því að brot málsaðila eru ítrekuð og meiriháttar, og því kemur áminning ekki til greina við ákvörðun um viðurlög.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Þar segir enn fremur að við ítrekuð brot skuli svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár. Að því virtu telur Fiskistofa, á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið og í ljósi ítrekunaráhrifa skv. 19. gr. laga nr. 57/1996, með hliðsjón af



meðalhófsreglu stjórnisýsluréttarins, að umrædd brot varði sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni, skv. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. sömu laga, í tvær vikur, þrátt fyrir lögbundið lágmark sviptingar í 4 vikur fyrir ítrekuð brot skv. síðari másl. 2. mgr. 15. gr. sömu laga.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið *Emilía AK-57*, skipaskrárnúmer 2367, leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur (14 daga) frá og með 22. maí 2026 og til og með 4. júní 2026, skv. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 vegna brota á 2. mgr. 1. gr. sbr. 4. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 307/2023, sbr. 4. mgr. 9. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996, með því að hafa ekki skilað aflaupplýsingum í 23 aðgreindum veiðiferðum. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. sömu laga.



Kæruheimild

Ákvörðun þessa má kæra til atvinnuvegaráðuneytisins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið atrn@atrn.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.